

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um Ríkisútvarpið nr. 357/1986
með áorðnum breytingum.**

1. gr.

25. gr. orðist svo:

Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun og taka þátt í því að treysta grundvöll íslenskrar tungu. Skal stefnt að því að hlutfall innlends efnis aukist á ári hverju frá því sem er við setningu þessarar reglugerðar uns a. m. k. helmingur alls efnis Ríkisútvarpsins er íslenskt, sem Ríkisútvarpið framleiðir sjálft eða kaupir af íslenskum framleiðendum.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í Ríkisútvarpinu skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni, sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal Ríkisútvarpið eftir því sem kostur er láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausum íslensku máli.

Ríkisútvarpið skal við lok hvers árs gera Íslenskri málnefnd grein fyrir þróun innlends dagskrárefnis í Ríkisútvarpinu og þeirri stefnu sem það hyggst fylgja á komandi ári. Mun málnefndin þá gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir niðurstöðum sínum með skýrslu um íslenskt mál í fjölmiðlum þeim sem starfa eftir útvarpslögum. Skýrslan birtist einu sinni á ári í febrúarmánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. janúar 1991.

Svavar Gestsson.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ**um afnám reglugerðar nr. 352/1983, fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands og
um réttindi og skyldur sjúkraliða, með breytingu nr. 127/1987.**

1. gr.

Reglugerð nr. 352/1983, fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur sjúkraliða, með breytingu nr. 127/1987, er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í síðustu mgr. 1. gr. laga nr. 73/1980, um breytingu á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. janúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.